

34

14. marz

29. gr.

Enginn sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er eigi útkljáð, nema hann setji tryggingu er hafnarnefnd tekur gilda.

30. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum frá kr. 1000.00—10000.00, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Hríseyjarhrepps.

31. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Hrísey, nr. 146 30. október 1948, og reglugerð nr. 165 7. október 1949, um breytingu á þeirri reglugerð.

Samgöngumálaráðuneytið, 14. marz 1958.

Eysteinn Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

35

24. marz

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hvammstangahrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, sem vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt, svo og á Hvammstangahöfn.

2. gr.

Vatnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki undir nafninu: Vatnsveita Hvammstanga.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Heimilt er henni að ráða sérstakan umsjónarmann, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu, lagningu viðbótar vatnsæða svo og tengingu húsæða við aðalckerfi.

Hreppsnefndin hefur á hendi reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu, en heimilt skal þó hreppsnefnd að ráða sérstakan mann til þess.

Reikningshald vatnsveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir með hreppsreikningum ár hvert.

4. gr.

Vatnsveitan hefur þegar lagt og lætur leggja aðalvatnsæðar um kaupúnið svo víða, sem fært þykir, svo húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði, við götu eða öðru opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur, í samráði við umsjónarmann vatnsveitunnar, leggja vatnsæðar í hús sín og á sinn kostnað.

5. gr.

35

Skyllt er hverjum húseiganda eða lóðarleigjanda, að halda vatnsæðum sínum vel við og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða vatnshönum. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má eyða vatni að óþörfu. Enginn má setja aflvélar í samband við vatnsveituna, nema með samþykki hreppsnefndar og þá með þeim umbúnaði, sem hún telur tryggan. Einnig er óheimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis hreppsnefndar eða þess aðila, sem hreppsnefnd felur slökkvistarf í hreppnum.

24. marz

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að loka fyrir vatnið meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á vatnsbóli, geymi eða æðum vatnsveitunnar, einnig þegar tengingar aðalæða fara fram.

Tilkynna skal fyrir fram um takmörkun á vatni, ef þess er kostur.

6. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar.

7. gr.

Hver sá, er skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, brunna hennar, brunahana eða önnur mannvirki, skal greiða fullar skaðabætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna og sæta auk þess sektum nema þyngri refsing liggja við að lögum.

8. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem virt eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða sbr. 4. gr., skal greiða vatnsskatt. Húshluti sem virtur er sér til fasteignamats, skal í þessu sambandi teljast sem heilt hús.

9. gr.

Af öllum húseignum, sem um getur í 8. gr., skal greiða stofn- eða tengigjald, kr. 400.00 af hverju húsi, ásamt viðbótargjaldi, sem nemi 3% af fasteignamatsverði.

Gjalddagi stofngjalds skal vera sá dagur, sem aðalstofnæðar eru fullferðar í námunda við hús samkv. 4. gr., sbr. 8. gr.

10. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem svo er ástatt um, sem um ræðir í 8. gr., skal greiða árlegan vatnsskatt sem nemur 2% af fasteignamatsverði. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 200.00 af hverri húseign. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega kr. 200.00 af hverri íbúð, sem fram yfir er.

Samkomustaðir og verzlaniir í íbúðarhúsum teljast sem ein íbúð hver.

11. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

a. Fyrir vatn í steypu, af hverri notaðri sementstunnu	kr. 0.50
b. Fyrir vatnshana í útihúsum	— 50.00
c. Fyrir hverja sauðkind, sem slátrað er í sláturhúsi	— 0.50
Fyrir hvern stórgríp, sem slátrað er í sláturhúsi	— 5.00
d. Fyrir hverja smálest af innvegnum fiski	— 2.00
e. Fyrir hverja skráða bifreið á Hvammstanga, þegar aðstæður verða til þvotta	— 75.00

- 35** f. Fyrir vatn um mæli greiðist kr. 1.00 af hverri smálest allt að 2000 smá-
 24. marz lestum, en af hverri umfram smálest kr. 0.75
 Fyrir öll önnur vatnsnot, sem ekki eru talin í reglugerð þessari, skal greiða samkvæmt samningi við hreppsnefnd.

12. gr.

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, getur hreppsnefnd ákveðið, að selja þeim vatn um mæli, samkv. 11. gr. f-lið.

Þau fyrirtæki sem kaupa vatn um mæli, skulu sjálf útvega sér mæla og annast viðhald þeirra.

Hlíti fyrirtæki ekki fyrirmælum hreppsnefndar, um uppsetningu vatnsmæla, ákveður hreppsnefnd gjald fyrir vatnsnotin á meðan, eða þar til mælauppsetningu er lokið.

13. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn, án staðfestingar ráðuneytisins.

14. gr.

Gjalddagi á föstum vatnsskatti skal vera 1. júní ár hvert, og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðandi ár. Vatnsskatt, sem miðaður er við starfrækslu, má krefja, þegar starfræksla hefur farið fram, þó samanber 3. gr., síðustu málsg. Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts af húseign sinni.

Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki, án tillits til eigendaskipta, og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði eða aðfararveði.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 1000 krónum nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstanga-hrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld bráðabirgðagjalddrá fyrir vatnsveitu Hvammstangahrepps nr. 227 frá 10. desember 1952, með breytingu nr. 83 17. maí 1957.

Félagsmálaráðuneytið, 24. marz 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.